

Breytingatillögur við frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

b. liður 2. gr. frumvarpsins fellur brott.

d. liður 2. gr. frumvarpsins verður svohljóðandi:

d. Við 4. mgr. bætist nýr málslíður er verður 1. másl., svohljóðandi: Tekjutengdar barnabætur skulu árlega nema 61.191 kr. með öllum börnum yngri en sjö ára á tekjuárinu og skal skerðingarhlutfall þeirra vera 3% með hverju barni.

d. liður 11. gr. frumvarpsins verður svohljóðandi:

d. Við 1. mgr. bætist nýr tölulíður, svohljóðandi: Af áfengi sem selt er í tollfrjálsum verslunum sem falla undir ákvæði 2. mgr. 104. gr. tollalaga, nr. 88/2005: 10% af áfengisgjaldi skv. 1.-3. tölul.

d. liður 13. gr. frumvarpsins verður svohljóðandi:

d. Við 2. mgr. bætist nýr tölulíður, svohljóðandi: Af tóbaki sem selt er í tollfrjálsum verslunum sem falla undir ákvæði 2. mgr. 104. gr. tollalaga, nr. 88/2005: 20% af tóbaksgjaldi skv. 1.-3. tölul.

18. gr. laganna taki gildi 1. janúar 2011.

11.-15. gr. laganna taki gildi 1. janúar 2011.